

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2005

**Efni:** Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum. Þskj. 8 – 8. mál.

Útvarpsstjóri og framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins hafa fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið með síðari breytingum í tilefni af bréfi menntamálanefndar Alþingis dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Ríkisútvarpsins um frumvarpið.

Tekið er undir hugmyndir í 1. gr. frumvarpsins um að bæta nýjum málslið við 3. mgr. 3. gr. en það er í samræmi við áherslur sem hafa verið í starfi stofnunarinnar.

Ekki verður séð að hugmyndir í 2. og 3. gr. frumvarpsins um breytingar á 4. gr. og með nýrri 5. gr. a) séu til þess fallnar að gera Ríkisútvarpinu auðveldara að takast á við hin margvíslegu verkefni á sibreytilegum fjölmiðlamarkaði með skjótari og markvissari hætti en nú er.

Sama á við um 4. – 7. gr. frumvarpsins um breytingar á 1. mgr. 6. gr., 7. gr., 8. gr. og 9. gr.

Varðandi 8. gr. um breytingar á 10. gr. hefur Ríkisútvarpið og stjórnendur þess ætíð kappkostað að viðhalda sjálfstæði þess, sjálfstæður fjárhagur er eitt þeirra atriða sem bent hefur verið á í því sambandi, fyrsta málsgreinin í framkomnu frumvarpi er því í samræmi við stefnu Ríkisútvarpsins.


Um aðra málsgreinina gildir að sjálfsgagt er að geta þess í lögum fyrir Ríkisútvarpið að það skuli fjármagnað með tekjum af afnotagjöldum og auglýsingasölu.

Löggjafinn verður við lagasetningu vegna útvarps í almannapágu að gæta að hún falli að ákvæðum og samþykktum á Evrópska efnahagssvæðinu vegna útvarps í almannapágu og samkeppnislaga Evrópusambandsins. Ekki verður annað séð en að málsgreinin uppfylli þá kvöð, sbr. frumvarp menntamálaráðherra frá því í vor.

Fjórða málsgreinin varðar afnotagjöldin og er þar um efnisbreytingu að ræða. Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri Ríkisútvarpsins, tók saman og gaf út ritið „Fjármögnun Ríkisútvarpsins“ í maí 2004. Sjötti kafli þess fjallar um innheimtu byggða á fasteignagrunni og vísast hér með til þess sem þar kemur fram. Fyrir þá sem óska eftir ítarlegum skýringum á kostum og göllum þessarar leiðar, er bent á samantekt ritsins í kafla 7 er samanburður gerður á mismunandi fjármögnunarleiðum.

Miðað við núverandi fyrirkomulag má segja að annmarki fasteignaleiðarinnar sé sá að hún ræðst ekki af tækjæign. Á móti kemur að erfiðara verður með hverju árinu að skilgreina hugtakið viðtæki þar sem hægt er með nútímatækni að hlusta og horfa á ljósvakamiðla með tölvum og í farsímum. Í núverandi lagaumhverfi er mjög hæpið að skilgreina þessi tæki sem viðtæki þar sem þau falla undir fjarskipti.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Páll Magnússon', written over a horizontal line.

Páll Magnússon,  
útvarpsstjóri